

fjallað um kröfu gerðarbeiðanda í fógetarétti, og nær því umbeðin gerð ekki fram að ganga.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Það athugast, að varakrafa gerðarþola heyrir ekki undir úrskurðarvald fógeta.

Úrskurðarorð:

Gerð þessi nær ekki fram að ganga.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 4. apríl 1979.

Nr. 69/1979. Ákærvaldið

gegn

Kára Sigurðssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 2. apríl 1979, er barst Hæstarétti sama dag. Krefst verjandi hans þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði stytur.

Eigi hefur borist greinargerð frá ríkissaksóknara.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 1. apríl 1979.

Ár 1979, sunnudaginn 1. apríl, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 113 af Ásgeir Frið-

jónssyni við undirritaða votta og þá kveðinn upp svofelldur úrskurður.

### MÁLSATVIK.

Um kl. 1100 í dag var handtekinn Kári Sigurðsson, fæddur 10. mars 1955, til heimilis að Dyngjuvegi 12 hér í borg, vegna grunsemda um meðhöndlun og dreifingu fíkniefna undanfarnar vikur.

Framburðir nefnds Kára þar um hafa verið breytilegir, en hér í dómi fyrir stundu kvaðst hann fyrir 4—6 vikum hafa frá tilteknum aðilja útvegað samtals 85 gr af svörtum hassefnum. Nánar hafi ýmsir kunningjar lagt fram fé til efniskaupa. Af slíkum nafngreindi nefndur Kári einungis B og kvað hafa lagt fram (sic) 130 þús. kr. og fyrir þær fengið 33 gr af hassefnum. Ekki kvaðst Kári Sigurðsson vilja gera nánari grein fyrir meintri ráðstöfun efna. Fyrir 2—3 vikum kvaðst margnefndur Kári í tveimur afhendingum hafa fengið samtals 150 gr af sterku marihuana gegn gjaldfresti. Meintur seljandi var tilgreindur undir algengu stuttnefni. Af efnum taldi Kári Sigurðsson sig hafa selt 35 eða 45 gr áðurnefndum B á kr. 4.000 hvert gr, en kaupverð verið 3.500 kr. hvert gr, eða hið sama og á fyrrnefndum hassefnum. Ekki gerði Kári Sigurðsson nánari grein fyrir ráðstöfun meintra efna, utan hvað nokkuð hefði gengið til hans eigin nota og gjafa.

B, . . ., bar í lögreglufirheyrslu í gær að hafa tvívegis af Kára Sigurðssyni keypt fíkniefni, nánar fyrir 2—4 vikum, 20 gr af sterku marihuana og 2—3 vikum fyrr 20 gr af svörtu hassefni, en lélegu.

D, . . ., bar í lögreglufirheyrslu í gær, að Kári Sigurðsson hefði fyrir 2—3 vikum boðið sér hassefni til kaups, en ekki orðið af viðskiptum.

Kvaðst nefndur D hafa vísað Kára Sigurðssyni á liðsmenn hljómsveitarinnar S sem líklega kaupendur og síðar hjá þeim frétt, að þeir muni af nefndum Kára hafa keypt 5 gr af hassi.

E, . . ., bar í lögreglufirheyrslu í gær að hafa líklega 19. mars sl. af Kára Sigurðssyni keypt 10 gr af marihuana.

Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974 og gæti því sök, ef sönnuð þætti, varðað fangelsisrefsingu. Þykja því ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki til fyrirstöðu beitingu gæsluvarðhalds, en rannsókn á frumstigi og sýnilega eftir að yfirheyra marga aðilja. Telst því í þágu rannsóknar máls þessa og með vísan til 1. mgr. 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 nauðsyn til bera, að Kári Sigurðs-

son, fæddur 10. mars 1955, sæti gæsluvarðhaldi í allt að 20 dögum.

Úrskurðarorð:

Kári Sigurðsson, fæddur 10. mars 1955, til heimilis að Dyngjuvegi 12, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 20 dögum.

---

Miðvikudaginn 4. apríl 1979.

Nr. 80/1975. **Steingrímur Vilhjálmsson**  
(Ragnar Steinbergsson hrl.)  
gegn  
**Sigurmoni Hartmannssyni**  
(Páll S. Pálsson hrl.).

Landamerkjamáli. Beitarréttur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramanir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús P. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Afrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 19. júní 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi s. d. Dómkröfur hans eru þær, að „viðurkenndur verði með dómi sambeitarréttur jarðarinnar Litlahóls, nú Laufhóls, í Viðvíkurhreppi í Skagafjarðarsýslu að 1/3 á móti jörðinni Miklahóli í sömu sveit í svonefndu „Rísi“ í Ennisfjalli og í fjallinu. Sambeitarsvæði þetta á Rísi afmarkist af línu, sem sé dregin úr svonefndri Vatnsgötu, punktur I“ á uppdrætti Skúla Jóhannssonar verkfræðings, sem síðar verður greindur, „um Illukeldu, punktur J, neðan Fjallhúsa að Viðvíkurmerkjum, punktur K, en til hliðar af landamerkjum aðliggjandi jarða, punktar K, H, L og punktur A um M og N til I.“ Hann krefst og þess, að staðfest verði viðurkenning héraðsdóms á því, að hann eigi vegna jarðarinnar Laufhóls opna og heimila umferðarleið